

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 27. febrúar 2019

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (stofnanir á málefnasviði félags- og barnamálaráðherra) – Þingskjal 811 – 495. mál.


Vísað er til tölvubréfs dags. 6. febrúar 2019 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar um ofangreint lagafrumvarp.

Með frumvarpinu er m.a. mælt fyrir um að upplýsingaöflun Tryggingastofnunar skv. 40. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007 sé háð því skilyrði að umsækjandi og greiðsluþegi hafi staðfest að þeir hafi verið upplýstir um fyrirhugaða upplýsingaöflun í viðkomandi máli, svo sem með því að undirrita yfirlýsingu þess efnis.

Á það skal bent að Tryggingastofnun hefur bæði leiðbeiningar- og upplýsingaskyldu nú þegar í almannatryggingalögum auk þess sem stofnunin starfar skv. stjórnasýslulögum. Tryggingastofnun lítur svo á að ekki sé þörf á sérstöku samþykki umsækjanda til öflunar upplýsinga þar sem stofnunin getur ekki sinnt lögboðnu hlutverki sínu án þess að afla tiltekinna upplýsinga. Í röksemdum fyrir umræddri breytingu er m.a. vísað til persónuverndarlaga. Skilyrði um undirritun yfirlýsingar umsækjanda um fyrirhugaða upplýsingaöflun eins og hér er lagt til, telur stofnunin ganga lengra en þau lög kveða á um.

Þá telur Tryggingastofnun eðlilegra að það sé í höndum stofnunarinnar að meta það hverju sinni hvernig að upplýsingamiðlun sé staðið. Til dæmis getur verið fastur texti um heimild til upplýsingaöflunar á viðkomandi umsóknareyðublaði og sambærilegur texti á Mínum síðum þegar sótt er um rafrænt. Þess skal getið að ítarlegar upplýsingar eru nú þegar á heimasíðu stofnunarinnar um upplýsingaöflun þar sem tiltekið er hvað upplýsingar eru nauðsynlegar miðað við hvern bótaflokk um sig. Auk þess tekið er fram hvaða upplýsingar það eru sem Tryggingastofnun aflar og hvaða upplýsingar það eru sem umsækjendur þurfa að leggja fram.

Virðingarfyllst,


Hermann Ólason
Starfandi forstjóri Tryggingastofnunar